

ÁRSSKÝRSLA 2009



ÁRSSKÝRSLA 2009

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Ávarp stjórnarformanns.....	3
Inngangur framkvæmdastjóra.....	4
Stjórn og starfsfólk Mímis-símenntunar.....	6
Fjölmening og frístundir.....	7
Nám fyrir atvinnulífið.....	10
Náms- og starfsráðgjöf.....	14
Þróunarverkefni.....	16
Erlent samstarf.....	17
Rekstrardeild.....	18

Ársskýrsla 2009
Ábyrgðarmaður: Hulda Ólafsdóttir
Ritstjóri: Hrafnkell Konráðsson
Hönnun og umbrot: Þorfinnur Sigurgeirsson
Ljósmyndir: Steinn Vignir Kristjánsson og Jón Páll Vilhelmsson bls. 3, 4 og efri mynd bls. 6
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

FRÁ FORMANNI STJÓRNAR

Allir eiga skilið að fá góða menntun, um það getum við öll verið sammála. En hvað felst í orðinu menntun? Er menntun aðeins kerfisbundið nám? Er hægt að verða fullmenntaður? Þetta eru góðar og gildar spurningar, sem annað veifið leita á hugann. En ætli til séu svör við þeim?

Að mínu mati er raunfærni, og þar með raunfærnimat, búið að útiloka að menntun sé aðeins kerfisbundið nám, því með raunfærni er átt við allt nám, hvernig sem þess er aflað og það lagt til grundvallar færni einstaklingsins.

Svarið við spurningunni um fullnaðarmenntun er í raun fólgið í nafni Mímis-símenntunar og símenntun er það sem gildir í raun.

Frumvarp um framhaldsfræðslu hefur nú verið samþykkt af Alþingi. Í lögnum eru mörg ákvæði sem falla vel að þeim áherslum sem Mímír stendur fyrir og sem dæmi má nefna að nám utan hins formlega skólakerfis verði metið að verðleikum.

Gott er að hafa í huga að framhaldsfræðsla er hvers konar nám, úrræði og ráðgjöf sem er ætlað að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla.

Annað sem skiptir miklu máli er að nám verður vottað og í slíkri vottun felst staðfesting á að námið uppfylli almennar kröfur um skipulag og gæði kennslu. Allt er þetta því til bóta og tryggir grundvöll og rekstur þeirra sem bjóða framhaldsfræðslu með gæði að leiðarljósi. Löggin öðlast gildi þann 1. október n.k.

Það líður að leiðarlokum, og á komandi ársfundi Mímis-símenntunar hættir undirrituð í stjórn þessa þarfa fyrirtækis sem var stofnað árið 2003 og er í eigu verkalyðshreyfingarinnar.

Fyrirtækið er reist á grunni sem er miklu eldri og hefur því reynslu til margra ára og fleiri en aldur Mímis-símenntunar segir til um. Oft hefur



blásið á móti en síðustu árin hefur fyrirtækið haft góðan meðbyr. Það hefur líka getað tekið kúvendingar því breytingar og sveiflur hafa verið margar og miklar.

Gott dæmi um slíka kúvendingu er að árið 2008 var Íslenska fyrir útlendinga stærsti einstaki liðurinn í starfsemi Mímis en árið 2009 tekur Nám fyrir atvinnulífið við sem burðarstólpinn. Í ár verður mikil áhersla lögð á að koma til móts við ungt fólk sem hefur skamma skólagöngu og er án atvinnu.

Það er ósk mín og von að allt starf Mímis-símenntunar verði til heilla fyrir alla, því ekki má gleyma að námsframboð Mímis-símenntunar er það fjölbreytt að allir geta fundið þar eitthvað við sitt hæfi.

Með von og ósk um áframhaldandi gott gengi,

Stefanía Magnúsdóttir

INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA



Um heim allan er unnið að því að finna lausnir til að lágmarka skaðleg áhrif efnahagsástandsins. Kreppan snertir Ísland jafnvel enn harðar en margar aðrar þjóðir og hafa áhrif hennar m.a. birst í

mesta atvinnuleysi sem sést hefur á síðari tímum hér á landi. Enn og aftur upplifum við það að markhópur Mímis, einstaklingar með stutta formlega skólagöngu, verða verst úti í atvinnuleysi.


Þessar ytri aðstæður í þjóðfélaginu hafa haft áhrif á starfsemi Mímis-símenntunar og strax haustið 2008 varð ljóst að Mímis biði virk þátttaka í að efla atvinnuleitendur með fjölbreyttri menntun, náms- og starfsráðgjöf og stuðningi við að finna ný tækifæri.

Þrátt fyrir erfiða tíð hefur rekstur Mímis gengið vel og er afkoma ársins vel ásættanleg með tæplega 5% rekstrarafgang. Lögð hefur verið áhersla á gæðamál í rekstri með vel skilgreindum verkferlum og bættu skipulagi við innheimtu og fleira.


Starfsfólk Mímis lagði hart að sér við að laga framboð náms, starfshætti og aðferðir að þörfum atvinnuleitenda en um leið var dregið úr framboði á starfsmenntun til þeirra sem höfðu fasta vinnu.

Stærsti hluti atvinnuleitenda sótti almenn námsskeið en þar voru námsleiðirnar Aftur í nám fyrir fólk með lesraskanir og Grunnmenntaskólinn fjölóttastar. Starfsmenntanámskeiðum fækkaði

Heildarfjöldi nemendastunda 2005–2009



Hlutfall kynja 2005–2009



INNGANGUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

heldur á árinu en meirihluti þeirra var fyrir starfsfólk í umönnun á sjúkrastofnunum og starfsfólk sem vinnur að uppeldismálum í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu.

Á árinu eflidist náms- og starfsráðgjöf verulega og var ráðgjöfum fjölgað til að mæta aukinni þörf sem skapaðist í kjölfar aukins atvinnuleysis.

Þessar aðstæður í þjóðfélaginu orsökuðu breytingu á eftirspurn eftir tungumála- og frístunda námskeiðum. Hagnýt og skapandi námskeið nutu mikilla vinsælda og sömuleiðis jókst ásókn í námskeið í tungumálum Norðurlandanna verulega svo ítrekað þurfti að bæta við námskeiðum.

Eftirspurn eftir íslenskunámskeiðum fyrir fólk af erlendum uppruna dróst verulega saman á árinu. Má einna helst rekja það til ótryggs atvinnuástands erlendra starfsmanna en ekki síður til þess að stjórnvöld drógu verulega úr styrkveitingu til íslenskunáms sem þýddi að nemandur báru stærri hluta nemendagjalda.

Í kjölfar mikils niðurskurðar ríkisins á fjárframlögum til Félagsmálaskóla alþýðu sagði ASÍ upp þjónustusamningi við Mími fyrir hönd MFA og Félagsmálaskóla alþýðu. Menntanefnd ASÍ vinnur nú að tillögum um framtíðarskipan fræðslumála MFA og Félagsmálaskóla alþýðu.

Í lok ársins fóru stjórnvöld af stað með verkefnið Ungt fólk til athafna sem hefur það að markmiði að virkja unga atvinnuleitendur. Verkefnið er mikilvægt samfélagsverkefni sem Mímir tekur virkan þátt í.

Á vorönn 2010 voru gerðir samningar við Vinnu-
málastofnun um nám fyrir unga atvinnuleitendur og sérstakur verkefnisstjóri ráðinn til starfa hjá Mími. Þegar þetta er skrifað hafa um 200 ungir atvinnuleitendur hafið nám hjá Mími-símenntun.

Mímir hefur verið aðili að Leikn, samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi og þannig tekið virkan þátt í faglegri umræðu og mótun fullorðinsfræðslu á Íslandi. Hefur Mímir átt fulltrúa í stjórn Leiknar frá stofnum samtakanna.

Á árinu gerðist Mímir aðili að Kvasi, samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, en allt fram til ársins 2009 voru samtökin eingöngu fyrir símenntunarmiðstöðvarnar níu á landsbyggðinni. Það er mikils virði fyrir Mími að eiga aðild að þessum öflugum hagsmunasamtökum.

Þekkt er að fyrirtæki sem þurfa að draga saman í rekstri skeri niður starfsþróunarkostnað fyrirtækjanna og er það miður. Rannsóknir sýna að fyrirtæki sem viðhalda menntun og starfsþróun starfsmanna sinna eru fyrri til að ná sér þegar uppsveifla í atvinnulífinu fer af stað. Mímir hefur hvatt fyrirtæki til að draga ekki úr endurmenntun starfsfólks þrátt fyrir erfitt efnahagsástand og ekki síður hvatt eigið starfsfólk til endurmenntunar, þátttöku í erlendu samstarfi og þróunarverkefnum.

Fullorðinsfræðsla er í stöðugri þróun og á vor-
mánuðum 2010 voru lög um framhaldsfræðslu samþykkt af Alþingi. Starfsfólk og stjórn Mímis væntir mikils af nýjum lögum sem setja ákveðinn ramma um fullorðinsfræðslu.

Fastráðnir starfsmenn Mímis eru 25 og verktakar um 200. Með dugnaði þeirra og þrautseigju hefur verið hægt að sveigja starf fyrirtækisins að breyttum þörfum atvinnulífsins fyrir menntun. Án þeirra hefði þetta ekki verið hægt og eru þeim hér færðar þakkir fyrir ómetanlegt framlag.

Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri

STJÓRN OG STARFSFÓLK MÍMIS-SÍMENNTUNAR Í MAÍ 2010



Í stjórn Mímis símenntunar sitja:

Frá vinstri: Ólafur Darri Andrason, Sigurrós Kristinsdóttir, Linda Baldursdóttir, Stefanía Magnúsdóttir, formaður og Stefán Ó. Guðmundsson.



Fastráðið starfsfólk Mímis-símenntunar:

Aftasta röð f.v.: Þór S. Ólafsson, Hjördís Kristinsdóttir, Guðjón Sívertsen, Helga Björk Pálsdóttir, Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, Erna Björk Gestsdóttir, Ingibjörg Stefánsdóttir, Hrafnkell Konráðsson og Vala S. Valdimarsdóttir.

Miðröð f.v.: Hulda Ólafsdóttir, Rósa Steinunn Jónsdóttir, Aðalheiður Sigurjónsdóttir, Sigríður Dísa Gunnarsdóttir, Lena Hulda Nilsen, Þuríður Ósk Sigurjónsdóttir, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Sólborg Jónsdóttir, Ingunn Guðmundsdóttir og Anna Kristín Gunnarsdóttir.

Fremsta röð f.v.: Sigurlaug B. Gröndal, Irma Matchavariani, Anna Sigríður Aðalbjörnsdóttir, Erla María Gísladóttir, Elín Júlíana Sveinsdóttir og Thang Manh Vu.

Á myndina vantar Þorbjörgu Halldórsdóttur.

FJÖLMENNING OG FRÍSTUNDIR




Á árinu 2009 jókst aðsókn í námskeið á sviði lista og handverks og sprenging varð í aðsókn á norskunámskeið, en með því að auka framboð norskunámskeiða kom Mímir til móts við fjölda fólks sem stefnir að því að flytja til Noregs. Í heildina minnkaði þó aðsókn á námskeið deildarinnar, mest í Íslensku fyrir útlendinga.

Á árinu 2009 voru haldin 200 námskeið í deildinni Fjölmennning og frístundir sem skiptust í fjóra flokka: Tungumál, Íslensku fyrir útlendinga, Gagn og gaman og Listir og menningu.


Þátttakendur voru á öllum aldri, allt frá fimm ára og upp í rúmlega áttrætt, samtals 2131 manns. Konur voru í meirihluta, eða tæplega 69% á móti 31% karla.

Mikil fækkun varð í íslenskunámi fyrir útlendinga, eða 42% fækkun frá fyrra ári. Fækkunin varð bæði í almennum íslenskunámskeiðum og í námskeiðum á vinnustöðum. Skýringar má eflaust finna í aðhaldsaðgerðum fyrirtækja, ótryggu efnahagsástandi og atvinnuleysi meðal innflytjenda.

Fjölmennning og frístundir 2005–2009 -nemendastundir



Nemendastundir 2009 -skipt eftir flokkum deildarinnar



FJÖLMENNING OG FRÍSTUNDIR



Tungumál

Það voru haldin 57 tungumálanámskeið á árinu, mörg á mismunandi þyngdarstigum. Langflestir sóttu námskeið í spænsku og ensku, en áhugi nemenda á öðrum tungumálum s.s. japönsku, portúgölsku, pólsku og rússnesku var einnig áberandi. Sama má segja um Norðurlandamál, þá sérstaklega norsku, en þar fjölgaði nemendum gríðarlega eða um 110% frá fyrra ári.

Nokkur tungumálanámskeið voru haldin á vinnustað fyrir starfsfólk og þá sérstaklega námskeið í símsvörun á ensku. Einnig voru haldin enskunámskeið fyrir nemendur Fjölmenntar með góðum árangri. Einkatímar í tungumálanámi henta sumum nemendum betur og voru fjölmargir sem nýttu sér þann möguleika á árinu.

Gagn og gaman

Námskeið í þessum flokki spanna vítt svið og voru á árinu haldin 29 námskeið. Námskeiðin Feng-Shui fræði og Vinamót nutu áfram vinsælda en af nýjungum má nefna námskeiðið Ættfræðigrúsk og Að spá í spil sem fengu góðan hljómgrunn. Námskeið um íslenskar nytjajurtir og ræktun matjurta voru einnig vel sótt. Áhugi á þrjónaskap, fatasaumi og fatahönnun fer vaxandi og jókst aðsókn á slík námskeið allt síðasta ár.

Listir og menning

Námskeið í þessum flokki eru ekki síður fjölbreytileg, en 14 slík voru haldin á árinu. Vinsælust voru myndlistarnámskeið, bæði fyrir börn og fullorðna en myndlistarnámskeiðin hafa fest sig í sessi hjá Mími og árlega eru haldin nokkur námskeið í olíumálun, vatnslitamálun og teikningu. Námskeið í smásagnagerð voru einnig vel sótt, svo og námskeið um miðausturlönd.

FJÖLMENNING OG FRÍSTUNDIR



Íslenska fyrir útlendinga

Markmið íslenskunámskeiða eru unnin eftir námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Íslensku fyrir útlendinga. Kennslufræðileg markmið miða m.a. að því að í kennslunni sé beitt fjölbreyttum aðferðum sem henta fjölmennigarglegum hópum fullorðinna nemenda og að nemendur fái hjálfun í öllum færniþáttum tungumálanáms, þ.e. skilningi (lestri og hlustun), ritun og töluðu máli.

Alls voru haldin 79 almenn íslenskunámskeið á síðasta ári. Námskeiðin voru á fimm stigum, en að auki var boðið upp á ritunar- og talþjálfunarnámskeið fyrir lengra komna. Sérstakir byrjendahópar voru fyrir fólk frá Kína, Taílandi, Víetnam og fyrir þá sem tala slavnesk tungumál. Kennarar þessara hópa tala tungumál hópsins og nota það til stuðnings í kennslunni eftir þörfum. Í upphafi anna geta nemendur komið í stöðumat sér að kostnaðarlausu til þess að finna námskeið við hæfi.

Það voru haldin 19 starfstengd námskeið á vinnustöðum. Á námskeiðunum var leitast við að tengja saman starfstengdan orðaforða vinnustaðarins og daglegt mál. Flest námskeiðin voru kennd á Landspítala-háskólasjúkrahúsi en einnig voru námskeið fyrir starfsfólk hótela og framleiðslufyrirtækja.

Íslenska – sérstök verkefni

Íslenskuaðstoð fyrir erlenda nemendur í Félagsliðabré er eitt af verkefnum deildarinnar. Þrír slíkir hópar voru á árinu. Markmiðið með þessari kennslu er að auðvelda erlendum nemendum að læra fög á framhaldsskólastigi á íslensku og þróa fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir í samvinnu við fagkennara í Félagsliðabré.

Landnemaskólinn er vottuð námsleið, gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, fyrir fólk af erlendum uppruna. Á síðasta ári fóru tveir Landnemaskólar af stað og að þessu sinni voru nær allir þátttakendur atvinnuleitendur. Námið var fjölbreytt og fengu nemendur kennslu m.a. í íslensku og tölvum, auk þess að gera færniöppu og fara í fræðandi vettvangsferðir.

Innflytjendur sem hyggjast sækja um búsetuleyfi hér á landi geta tekið íslenskupróf hjá Mími en einnig var boðið upp á þá nýjung að halda undirbúningsnámskeið fyrir nemendur Mímis sem hugðust þreyta íslenskupróf vegna umsóknar um íslenskan ríkisborgarétt.

NÁM FYRIR ATVINNULÍFIÐ



Á árinu sá deildin Nám fyrir atvinnulífið um mörg mikilvæg og áhugaverð verkefni. Kennsla samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stór þáttur í starfseminni. Í samstarfi við Vinnumiðlun Höfuðborgarsvæðisins var lögð áhersla á að sníða framboð og skipulagningu náms fyrir þarfir og áhuga atvinnuleitenda.


Heildarfjöldi nemenda deildarinnar var 1600 á árinu. Atvinnuleitendur sóttu í auknum mæli í almennt nám en minna í nám tengt ákveðnum starfsgreinum. Með almennu námi er átt við nám sem er til þess fallið að styrkja undirstöðuþekkingu og færni þátttakenda. Á árinu voru 64% nemendastunda í almennu námi vegna þátttöku

atvinnuleitenda sem er mikil aukning frá árinu á undan og tengist kringumstæðum í íslensku samfélagi.


Starfstengd námskeið

Fjöldi námskeiða sem tengjast beint starfi þátttakenda dróst lítillega saman á árinu. Eins og áður eru konur í miklum meirihluta í þessum flokki. En það er vegna þess að talsvert námsframboð er fyrir starfsmenn sem starfa á leikskólum og við aðhlyningu og umönnun. Eftirtalin starfstengd námskeið voru kennd eftir námskrám frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins:

Starfsmenntanámskeið 2005–2009 - nemendastundir



Nemendastundir 2009 - skipt eftir flokkum



NÁM FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Fagnámskeið I og II fyrir starfsfólk sem starfar við umönnun og aðhlyningu

Þátttaka var góð á þessum námskeiðum sem leggja áherslu á námsþætti sem nýtast starfsmönnum í starfi og einkalífi ásamt því að styrkja þá í vinnu sinni með skjólstæðingum. Þessi námskeið eru einnig undanfari Félagsliðabréa sem gefur nemendum sem uppfylla tiltekin skilyrði kost á að ljúka félagsliðanámi á skemmri tíma en ella.

Haldin voru fjögur Fagnámskeið I á árinu og fimm Fagnámskeið II. Starfsmenn af erlendum uppruna voru mikill meirihluti þátttakenda. Styrkur fékkst frá Innflytjendaráði til námsefnisgerðar í þeim hluta námsins er varðar samskipti. Þeirri vinnu lauk um mitt árið.

Á árinu fékkst einnig styrkur úr starfsmenntasjóði félags- og tryggingamálaráðuneytisins í verkefnið Kjölur sem er fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna. Markmið verkefnisins er að bjóða upp á námskeið fyrir einstaklinga sem hafa áhuga á að starfa í heilbrigðis- og félagsþjónustu eða á leikskóla. Kennsluáðferðir og námsefni verða miðaðar að þörfum fólks af erlendum uppruna.

Félagsliðanám - einingánám

Á árinu voru sjö hópar nemenda í Félagsliðabréa. Þrjú nemendahópar luku námi sem félagsliðar af Félagsliðabréa, þar af var einn hópurinn sérstaklega fyrir starfsmenn af erlendum uppruna. Í félagsliðanáminu eru kenndir áfangar samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytisins.

Sérhæfing

Í samvinnu við Eflingu stéttarfélag var haldið eitt 54 kennslustunda námskeið í framhaldsnámi félagsliða um heilabilun.

Fagnámskeið I og II fyrir starfsmenn leikskóla

Þrjú námskeið voru haldin á árinu fyrir starfsmenn leikskóla. Eitt Fagnámskeið I og eitt



Fagnámskeið II, einnig var haldið eitt námskeið sem kallaðist uppþótarnámskeið en það var fyrir starfsmenn sem höfðu ekki náð að ljúka Fagnámskeiði I á fyrri árum. Þessi námskeið eru undanfari Leikskólalibrúa sem gefur nemendum sem uppfylla tiltekin skilyrði kost á að ljúka leikskólalibrúa á skemmri tíma en ella.

Leikskólalibrúa - einingánám

Á árinu voru fjórir hópar nemenda í Leikskólalibrúa hjá Mími. Einn hópur útskrifaðist. Í leikskólalibrúanáminu eru kenndir áfangar samkvæmt námskrá menntamálaráðuneytisins.

Sérhæfing

Í samvinnu við Eflingu stéttarfélag voru haldin tvö 56 kennslustunda námskeið í framhaldsnámi leikskólalibrúa um börn með sérþarfir.

NÁM FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Verslunarfagnám

Einn hópur lauk námi í verslunarfagnámi sem er þriggja anna nám sem er ætlað að auka verslunarfærni og efla almenna og persónulega færni starfsfólks til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni í nútímaverslun. Einnig var lagður grunnur að raunfærnimatsverkefni tengtu þessari námskrá sem kemur til framkvæmdar árið 2010.

Þjónustuliðar grunnám

Í samstarfi við Eflingu stéttarfélag og Hrafnistu í Hafnarfirði var haldið eitt námskeið samkvæmt námskrá, fyrir þjónustuliða sem starfa við ræstingar á heilbrigðisstofnunum. Verður þessu samstarfi haldið áfram árið 2010.

Flutningaskóli Samskipa

Flutningaskóli Samskipa er sérhæfður skóli í vöruflutningum sem starfræktur er í samstarfi við Samskip og lauk fyrsti hópurinn námi í maí. Nýr hópur nemenda hóf nám haustið 2009. Kennt er samkvæmt námskránni: Vöruflutningaskólinn.

Nám fyrir öryggisverði

Tveir nemendahópar luku námi samkvæmt námskránni, Nám fyrir starfandi öryggisverði þar sem fjallað er um öryggisþjónustu og samfélag, vinnuumhverfið, eigin velferð og öryggi, brunavarnir, skyndihjálpar og staðbundið eftirlit.

Jarðlagnatækni

Tveir hópar luku námi eftir námskránni Jarðlagnatækni en þessi námsleið er ætluð þeim sem vinna við nýlagnir, endurbætur, viðhald og viðgerðir rafstrengja, vatnslagna, hitalagna, fjar-skíptalagna og fráveitna í jörð.

Færni í ferðaþjónustu I

Einn hópur sótti nám í Færni í ferðaþjónustu I. Þetta var blandaður hópur starfsmanna í ferðaþjónustufyrirtækjum og atvinnuleitenda.

Fagnám fyrir starfsmenn framkvæmda-, umhverfis og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar

Í samstarfi Eflingar stéttarfélags og Reykjavíkurborgar var haldið fagnámskeið fyrir starfsmenn á framkvæmda-, umhverfis- og samgöngusviði. Luku nemendur 150 stunda almennum hluta námskrárinnar og stefnt er að því að bjóða upp á sérhæfingahluta námsins eins fljótt og auðið er.

Almenn námskeið

Til almennra námskeiða teljast þau námskeið sem ekki falla undir ákveðna starfsgrein. Um er að ræða nám sem er til þess fallið að styrkja undirstöðuþekkingu og færni þátttakenda. Eins og greint er frá hér að ofan varð umtalsverð ásókn í þennan flokk náms hjá Mími vegna aukins atvinnuleysis.


Nám fyrir fólk í atvinnuleit

Gott samstarf var við Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins um menntun atvinnuleitenda og sóttu þeir í auknu mæli í nám sem kennt er samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Grunnmenntaskólinn

Mikil eftirspurn var eftir námi í Grunnmenntaskólanum og voru starfræktir níu slíkir á árinu. Sex hópar luku námi í Grunnmenntaskólanum á árinu. Sjö hópar luku námi úr námsleiðinni Aftur í nám sem ætluð er einstaklingum með lesraskanir.

Almenn námskeið 2005–2009 - nemendastundir



NÁM FYRIR ATVINNULÍFIÐ

Landnemaskólinn

Tveir hópar luku námi í Landnemaskólanum sem er nám fyrir fólk af erlendum uppruna sem náð hefur nokkrum tókum á íslensku.

Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum

Á árinu hófst í fyrsta skipti kennsla samkvæmt námsskránni, Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum og mun fyrsti hópurinn ljúka námi í upphafi árs 2010.

Sterkari starfsmaður

-samskipti og upplýsingatækni

Tveir hópar luku námi í námsleiðinni Sterkari starfsmaður, samskipti og upplýsingatækni. Á árinu var gerður samningur við Keili um samstarf vegna kennslu í Háskólastoð sem er um 600 kennslustunda nám sem jafngildir 50 eininga námi á framhaldsskólastigi og gefur þeim sem lokið hafa því námi rétt til að sækja um nám í Háskólabrú Keilis. Mun einn hópur hefja nám í Háskólastoðum í byrjun febrúar 2010.

Nám fyrir fólk í atvinnuleit

Gott samstarf var við Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins um menntun atvinnuleitenda og sóttu þeir í auknum mæli í nám sem kennt er samkvæmt námsskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.


Þjónustusamningur við ASÍ um félagsfræðslu

Á árinu var haldið áfram að vinna samkvæmt þjónustusamningi við Félagsmálaskóla alþýðu um félagslega fræðslu og námskeið fyrir talsmenn verkalyðshreyfingarinnar. Kennt var samkvæmt námsskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Trúnaðarmannanámskeið I og II.


Nemendastundum fækkaði á árinu en ekki námskeiðsjöldanum. Ástæðan fyrir þessari fækkun nemendastunda milli ára er að háskólanám fyrir trúnaðarmenn var lagt niður vorið 2008 og erfiðara reyndist að fá trúnaðarmenn til að sækja námskeið þannig að færri þátttakendur voru á námskeiðunum hverju sinni en árið á undan. Möguleg skýring á fækkun trúnaðarmanna á námskeiðum gæti verið að vegna aðstæðna í þjóðfélaginu sé erfiðara fyrir vinnusvæðin að senda starfsmenn á trúnaðarmannanámskeið.

Sem fyrr voru námskeið fyrir trúnaðarmenn stærsti þátturinn en þau voru 33 á árinu. Haldin voru 22 námskeið fyrir stjórnir, starfsmenn og annað lykilmál stéttarfélaganna. Samstarfið um framkvæmd trúnaðarmannafræðslu ASÍ og BSRB hefur tekist einstaklega vel.

Félagsmálaskóli alþýðu 2005–2009 - nemendastundir



Félagsmálaskóli alþýðu 2005–2009 - kynjahlutfall



NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF



Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað

Frá upphafi ársins 2006 hefur Mímir-símenntun tekið þátt í framkvæmd verkefnisins Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað, sem byggir á samningi Mímis og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Megintilgangur verkefnisins er að hvetja fólk á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu, og fólk af erlendum uppruna, til að styrkja stöðu sína með símenntun og starfsþróun.

Í kjölfar mikilla breytinga á vinnumarkaði urðu á árinu nokkrar áherslubreytingar í verkefninu. Kynningafundum og viðtölum á vinnustöðum fækkaði lítillega, sérstaklega á síðari hluta ársins, en fjöldi viðtala í húsnæði Mímis jókst aftur á móti töluvert. Þá hafa náms- og starfsráðgjafar Mímis frá byrjun nóvember 2009 veitt ráðgjöf, atvinnuleitendum í umböði Vinnumálastofnunar, en það samstarf byggir á samningi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Kvasis samtaka símenntunarmiðstöðva og Vinnumálastofnunar.

Að mati náms- og starfsráðgjafa Mímis hafa breyttar aðstæður á vinnumarkaði almennt leitt

til jákvæðara viðhorfs stjórnenda gagnvart verkefninu Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað og fleiri starfsmenn vilja þiggja einstaklingsmiðaða ráðgjöf en áður. Samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar hefur fólk með stutta formlega skólagöngu verið rúmlega helmingur þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá. Þessa einstaklinga er ekki hægt að nálgast á vinnustöðum og því kærkomið að fá tækifæri til að taka þátt í að veita hópnum ráðgjöf í gegnum samstarf við Vinnumálastofnun.

Kynningarfundir og einstaklingsviðtöl

Á árinu voru haldnir 150 kynningarfundir á 106 vinnustöðum um gildi símenntunar og þjónustu náms- og starfsráðgjafa. 1408 starfsmenn sóttu þessar kynningar og tæplega helmingur þeirra kom í viðtal að lokinni kynningu. Á fyrri hluta ársins var meðal annars farið á allar starfsstöðvar tveggja stórfyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Hluta af starfsmönnum hafði verið sagt upp vinnu, starfshlutfalli verið breytt, yfirvinna tekin af eða þeir upplifðu óvissu af öðrum ástæðum.

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Náms- og starfsráðgjafar telja að það hafi reynst farsælt að fá tækifæri til að nálgast starfsmenn, áður en atvinnuleit tók við, til að upplýsa þá um möguleika og hvetja til virkni.

Fjöldi einstaklingsviðtala á árinu var 1759 og jókst um tæplega 80% frá fyrra ári. Ráðþegum í húsnæði Mímis fjölgaði töluvert og á seinni hluta ársins var meiri hluti þeirra atvinnuleitendur sem komu af eigin frumkvæði eða voru boðaðir í umbóði Vinnuálastofnunar. Beindist aðstoð meðal annars að námsvali, könnun á áhugasviði, ferilskrágerð, útvíkkun á starfshugmyndum og skipulagningu á starfsleit. Þá hefur persónuleg aðstoð og stuðningur við að takast á við hindranir og breyttar aðstæður aukist. Fram til ársins 2009 hafa karlmenn að jafnaði verið um fjórðungur ráðþega en á árinu varð sú breyting á að þeir voru tæp 40%. Þá virðast karlmenn á aldrinum 40 - 60 ára tilbúnari að koma í ráðgjöf en áður. Aukinni þörf og eftirspurn eftir einstaklingsmiðaðri ráðgjöf var mætt með fjölgun náms- og starfsráðgjafa sem taka þátt í verkefninu.

Við lok ársins 2009 höfðu í heild verið tekin yfir 4000 viðtöl hjá Mími í verkefninu Náms- og starfsráðgjöf á vinnustað. Mikil þekking og reynsla hefur orðið til á þörfum markhópsins sem hefur að mati ráðgjafa nýst vel til aðstoðar

og hvatningar við þá sem eru á vinnumarkaði og í atvinnuleit.

Raunfærnimat

Raunfærnimat fyrir starfsmenn bankastofnana


Á árinu 2009 voru framkvæmd tvö raunfærnimatsverkefni fyrir starfsmenn bankastofnana en í þessum verkefnum er verið að meta raunfærni til starfa. Í fyrra verkefninu tóku 20 þjónustufulltrúar og starfsmenn í bakvinnslu þátt en í seinna verkefninu voru 17 gjaldkerar frá fjórum fyrirtækjum.

Verkefnið er samstarfsverkefni Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF), Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, fjármálafyrirtækja og Mímisímenntunar sem hefur séð um framkvæmdina.

Raunfærnimat fyrir starfsmenn leikskóla

Á haustmánuðum hófst samstarfsverkefni Mímisímenntunar, Borgarholtsskóla, Þekkingarnets Þingeyinga, Framhaldsskólans á Húsavík og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um raunfærnimat fyrir starfsmenn leikskóla. Í þessu verkefni er verið að skoða reynslu og færni starfsmanna til mats á 6 námsáföngum í Leikskólabrú. Verkefnið er byggt á tilraunaverkefni sem fór fram hjá Mími-símenntun árið 2008. Í þessu verkefni var lögð sérstök áhersla á að þróa skimunarvinnu og endurskoða matslista m.a. í samræmi við nýja aðalnámskrá framhaldsskóla.

Fjöldi einstaklingsviðtala 2006 - 2009



Náms- og starfsráðgjöf			
	Kynningarfundir	Fjöldi vinnustaða	Fjöldi einstaklinga á kynningum
2006	55	44	770
2007	88	60	1.210
2008	190	183	1.564
2009	150	106	1.408

ÞRÓUNARVERKEFNI

Fullorðinsfræðsla er í stöðugri þróun og er Mímir-símenntun virkur þátttakandi í þeirri þróun. Fjöldi þróunarverkefna er í gangi hverju sinni, ýmist undir verkstjórn starfsfólks Mímis eða annarra samstarfsaðila.

Flest þróunarverkefnanna eru samstarfsverkefni og styrkt af þróunar- og starfsmenntasjóðum. Helstu aðilar sem hafa styrkt verkefni eru Starfsmenntaráð, menntamálaráðuneytið, Starfsafl, Starfsmenntasjóðir Eflingar-stéttarfélags, Þróunarsjóður innflytjendamála og Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks.

Á árinu var unnið að eftirfarandi verkefnum

Lestur og tal - íslenska

Þróunarverkefninu Lestur og tal var hrint í framkvæmd en haldið var námskeið á vorönn 2009 fyrir innflytjendur á vinnumarkaði sem eru ólæsir á latneskt letur. Verkefnið tókst afar vel og hefur þróast áfram með fleiri hópum.

Íslenska í lífi og starfi

Markmiðið með þessu verkefni er að gera nám í starfstengdri íslensku markvissara og að aðlaga námsefni og námskeið að þörfum erlendra starfsmanna Landspítala-háskólasjúkrahúss.

Námskeið í ráðgjöf og þjónustu

Verkefnið fólst í hönnun og tilraunakennslu námskeiðs til að efla færni starfsmanna sem koma að ráðgjöf og þjónustu. Námskeiðið var haldið í samstarfi við VR og þátttakendur voru atvinnuleitendur sem allir höfðu reynslu og áhuga á að styrkja sig í ráðgjafartækni. Innihald námskeiðsins byggðist á fræðilegri umfjöllun og ýmsum verklegum æfingum.

Raunfærnimat á vinnustaðahluta Verslunarfagnáms

Verslunarfagnám er ein af námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem Mímir-símenntun

býður upp á. Ávinningur raunfærímats á vinnustaðahluta Verslunarfagnámsins fyrir nemendur og fyrirtæki er sá að meta þá miklu reynslu og þekkingu sem nemendur búa yfir, út frá starfsreynslu sinni, með það að markmiði að ljúka vinnustaðahluta námsins fyrir, en það mun minnka álag á fyrirtækjum og jafnframt skapa svigrúm til styttingar náminu.

Raunfærnimat inn í Leikskólalabú

Megin tilgangur verkefnisins er að þróa samstarf framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðva vegna raunfærímats, þróa og framkvæma raunfærnimat til styttingar náms fyrir leiðbeinendur á leikskólum – brúarleid, og um leið þróa enn frekar þau skimunar- og matstæki sem notuð eru í raunfærnimatinu.

Kjölur

Kjölur er 100 stunda námskeið þar sem færni í íslensku er þjálfuð samhliða kynningu á öðrum námsgreinum. Námskeiðið er ætlað fólki sem hefur ekki íslensku að móðurmáli, er í atvinnuleit og hefur áhuga á að starfa í heilbrigðis- og félagsþjónustu eða á leikskólum.

Námsefnisgerð

Mímir hefur í auknum mæli unnið að gerð og þróun námsefnis. Má þar nefna námsefnisgerð fyrir námsleiðir eins og Jarðlagnatækni, Öryggisvarðanám og Færni í ferðaþjónustu II.

Færni – rafræn verkfæri fyrir lesblinda

Um er að ræða námskeið þar sem lesblindum er kynntur ýmis hugbúnaður sem getur nýst þeim og öðrum við lestur og skrift. Markmiðið er að auka aðgengi þeirra að skrifuðu máli, öryggi þeirra á þessu sviði, og færni í notkun helstu verkfæra sem í boði eru.

ERLENT SAMSTARF



Hópur belgískra tungumálakennara sótti námskeið í íslensku síðsumars en námskeiðið var hluti af mannaskiptaverkefni Leonardo áætlunarinnar. Þátttakendurnir lærðu íslensku og upplifðu hvernig er að læra nýtt tungumál án nokkurs hjálparmáls en einnig kynntu þeir sér móttöku og kennslu innflytjenda á Íslandi.

Eftir Leonardo tengslaráðstefnu í Reykjavík fékk Mímir styrk til að fara í undirbúningsheimsókn til Antwerpen í Belgíu. Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér möguleika í starfstengdu námi fyrir atvinnuleitendur af erlendum uppruna. Niðurstaða heimsóknarinnar var góð og frekara samstarf milli Mímis og stofnana í Antwerpen er á döfnni.

Nordplus 50+

Þetta er samvinnuverkefni þriggja landa, Svíþjóðar, Íslands og Litháen. Náms hópar með nemendum

50 ára og eldri voru stofnaðir í öllum löndunum þar sem megináherslan í kennslunni var enska. Markmiðið með verkefninu er að nemendur eldri en 50 ára fái tækifæri til að þjálfa sig í ensku með því að kynnast og hafa samskipti við nemendur í hinum löndunum í gegnum tölvur, en einnig er nokkrum nemendum boðið að taka þátt í heimsóknum milli landanna.

Grundtvig tengslaráðstefna

Tveir starfsmenn Mímis tóku þátt í Grundtvig tengslaráðstefnunni sem haldin var í Tallin í Eistlandi. Markmið ráðstefnunnar var að skapa tækifæri fyrir aðila sem vinna í fullorðinsfræðslu í Evrópulöndunum í því skyni að búa til samstarfshópa til að vinna að nýjum verkefnum.

REKSTRARDEILD



Oft er því haldið fram að breytingar séu það eina sem er öruggt í þessum heimi. Þetta er mótsagnarkennd fullyrðing en hefur líklega sjaldan átt jafn vel við og nú. Þrátt fyrir að umtalsverðar breytingar í rekstrarumhverfi Mímis-símenntunar hafi haft áhrif á einstaka tekju- og gjaldaliði lýsir rekstrarreikningur fyrir árið 2009 í heild miklu jafnvægi þar sem heildartekjur og gjöld haldast nánast óbreytt, borið saman við árið á undan.

Verulegur samdráttur varð í íslensku fyrir útlendinga þar sem veltan dróst saman um 47% á milli ára. Á móti jókst hinsvegar velta vegna náms fyrir atvinnulífið um 46%. Náms- og starfsráðgjöf hefur verið í stöðugum vexti frá upphafi og jókst veltan þar um 57% á milli árána 2008 og 2009. Lítilsháttar samdráttur varð í félagafræðslu stéttarfélaganna og frístundanámskeiðum sem telst eðlileg sveifla á milli ára.

Á tímum sem þessum þar sem aðlögunarhæfni og sveigjanleiki í rekstri er fyrirtækjum ekki aðeins mikilvæg, heldur blátt áfram lífsnauðsynleg, er mikil auðlind fyrir Mími að hafa sveigjanleika innbyggð-


an í sinn rekstur og hafa á að skipa hæfu starfsfólki sem er duglegt að takast á við breytingar.

Mímir leggur áherslu á að bjóða nemendum og starfsmönnum upp á góða aðstöðu til náms og kennslu og fer starfsemin nú fram á þremur stöðum. Í Skeifunni 8 eru skrifstofur starfsmanna og átta kennslustofur, í Skeifunni 11b eru þrjár kennslustofur og á Öldugötu 23 eru sex kennslustofur.

Stöðugt er vakað yfir því að bæta aðstöðu til kennslu í takt við kröfur samtímans og á sama hátt er vakað yfir aðstöðu námsmanna. Í mörgum námsleiðum Mímis er gert ráð fyrir samþættingu almennra greina við tölvunotkun og til að mæta því hefur Mímir fest kaup á fartölvum til afnota fyrir námsmenn í kennslustundum. Hefur sú nýbreytni fallið í góðan jarðveg.

Eftir því sem fyrirtæki stækka og rekstur verður flóknari eykst þörfin á skráðum ferlum og verk-lagsreglum. Verkferlar tengdir fjármálum hafa verið til umfjöllunar hjá Mími í því skyni að bæta öryggi og gagnsæi í meðferð fjármuna. Slíkar umbætur eru fljótar að svara kostnaði og má nefna umtalsverða lækkun viðskiptakrafna milli ára hjá Mími sem dæmi um árangur af umbótavinnu. Áfram verður haldið á sömu braut.

Afkoma 2005 til 2009 Hlutfall af tekjum



REKSTRARDEILD

Rekstrarreikningur 2009

	2009	2008
Rekstrartekjur		
Námskeiðshald	275.162.017	256.195.292
Aðrar tekjur	21.883.535	41.963.437
	<u>297.045.552</u>	<u>298.158.729</u>
Rekstrargjöld		
Kostnaður við námskeiðshald	109.349.054	116.707.266
Laun og tengd gjöld	123.288.218	121.113.727
Annar rekstrarkostnaður	53.648.274	51.549.934
Afskriftir	2.510.507	1.941.268
	<u>288.796.053</u>	<u>291.312.195</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	8.249.499	6.846.534
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur og verðbætur	4.730.924	5.793.746
Vextir, verðbætur og gengismunur	-5.415	-1.565
	<u>4.725.509</u>	<u>5.792.181</u>
Hagnaður ársins	<u>12.975.008</u>	<u>12.638.715</u>

Sjóðsstreymisyfirlit

	2009	2008
Handbært fé frá rekstri		
Hagnaður af reglulegri starfsemi	12.975.008	12.638.715
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	2.510.507	1.941.268
	<u>15.485.515</u>	<u>14.579.983</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)	14.703.665	5.830.240
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)	8.957.975	-2.759.472
	<u>23.661.640</u>	<u>3.070.768</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>39.147.155</u>	<u>17.650.751</u>

REKSTRARDEILD

Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum	-4.787.464	-1.356.689
Fjárfestingarhreyfingar	-4.787.464	-1.356.689
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	34.359.691	16.294.062
Handbært fé í ársbyrjun	29.181.134	12.887.072
	<u>63.540.825</u>	<u>29.181.134</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

2009

2008

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Áhöld og tæki

10.042.025

7.765.067

Fastafjármunir

10.042.025

7.765.067

Veltufjármunir

Skammtímakröfur:

Viðskiptakröfur

3.734.938

18.288.836

Aðrar kröfur

676.912

826.679

Handbært fé:

Sjóður og bankainnistæður

63.540.824

29.181.134

Veltufjármunir

67.952.674

48.296.649

Eignir samtals

77.994.699

56.061.716

Skuldir og eigið fé

2009

2008

Eigið fé

Hlutafé

16.034.301

16.034.301

Óráðstafað eigið fé

29.427.681

16.452.673

Eigið fé samtals

45.461.982

32.486.974

Skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir

32.532.717

23.574.742

Skuldir samtals

32.532.717

23.574.742

Skuldir og eigið fé samtals

77.994.699

56.061.716



Mímir-símenntun • Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími 580 1800 • Netfang: mimir@mimir.is

www.mimir.is